

Nr. 22 -039 S 031 Guðborg NS 336**Vélavana**

Skipaskr.nr. 2358
Útgerð: Börkur frændi ehf.
Smíðaður: Samtak, 1999, trefjaplast.
Stærð: 7,17 BT
Mesta lengd: 9,13 m Skráð lengd: 9,12 m
Breidd: 2,78 m Dýpt: 1,22 m
Vél: Volvo Penta, 196,74 kW, 1999.
Fjöldi skipverja: 1



Guðborg©Vessel finder

Gögn:

Gögn RNA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. júní 2022 var Guðborg NS á strandveiðum í Vopnafirði. Veður: Hægviðri en svarta þoka og lítið skyggni.

Báturinn var á reki og vél ekki í gangi en þegar ræsa átti hana og „kippa“ fór hún ekki í gang og rak bátinn í átt að landi. Skipverjinn setti út dreka til að stoppa rekið og við það stöðvaðist báturinn u.þ.b. 250 metra frá landi. Björgunarsveitir og þyrla Landhelgisgæslunnar voru ræstar út. Skipverjinn náði að koma vélinni í gang og sigla til hafnar án aðstoðar.

Við rannsókn kom fram:

- Startarinn á vélinni stóð á sér.
- Skipverjinn kom vélinni að lokum í gang með því að berja í startarann með hamri.
- Startarinn var nýr en ekki frá vélarframleiðanda. Hann eyðilagðist við atvikið.
- Fenginn var nýr startari frá sama aðila en hann bilaði strax.
- Fram kom að sennileg skýring væri sú að ekki hefði verið réttur tannafjöldi á startaranum fyrir þessa vél.
- Tveir skipverjar voru lögskráðir á bátinn en aðeins einn um borð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á mikilvægi þess að notaðir séu réttir varahlutir fyrir viðkomandi búnað.